

Samþykkt

110

10. sept.

fyrir Austur-Skaptafellssýsu um kynbætur hesta

er sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu hefir samkvæmt lögum nr. 34.

11. desbr. 1891 gjört, og hjeradsfundur þar fallist á.

1. gr.

Gradhestar skulu eigi fleiri vera en 2 í hverjum hreppi í sýslunni. Nú álitur hreppsnefnd það eigi nægja, og getur hún þá með samþykki sýslunefndar veitt leyfi til, að þeir sjeu hafðir fleiri. Tveir menn, er til þess eru kosnir af hreppsnefndinni fyrir 3 ár í senn, skulu velja gradhestaefni, og skulu menn skyldir að koma með þau á þann stað, er þeir ákveða.

2. gr.

Fyrir gradhesta skulu að eins valdir þeir hestar, er bezt fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

- a. að þeir sjeu eigi getnir af ofskyldum foreldrum — t. d. móður og syni eða syskinum — og að þeir sjeu af holdsómu og hraustu kyni.
- b. að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helzt í báðar ættir.
- c. að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, alls eigi glaseyðir eða af glaseygðu kyni.
- d. að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, makka-háir, hringmakkadír, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, bein-en stutthryggjadír, lendbrattir, vöðvaþykkir í þjóum, þrúðir á tagl og fax, rjett-hæfðir og svarthæfðir, pungsiðir, eystnaþykkir og kólfdigrir.

3. gr.

Hryssur þær, sem gradhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, er sett eru fyrir gradhesta og auk þess vera lendbreiðar og hafa útskotna nára. Eigi skulu gradhestamæður yngri vera en 5 vetra og eigi eldri en 10 vetra.

4. gr.

Nú þykir líklegt að folald muni, þegar það nær tvævetrum aldri, fullnægja framangreindum skilyrðum og skal þá uppala það þannig: Hryssuna skal ekki hafa til neinnar ördugrar brúkunar, og hún skal látin ganga sem mest sjálfala; folaldið skal ganga undir sem dilkur, að minnsta kosti til þorra-loka fyrsta árið. Það skal alið á sem beztu og kraptmestu fóðri, að nokkru leyti á mannamat, ef þess er kostur.

5. gr.

Glaseygð folöld og öll önnur folöld, sem ekki eru einlit, skal gelda þegar í stað, en einlita gradfola, sem ekki eru glaseygðir skal gelda á öðrum vetri fyrir sumardag fyrsta, nema þá af þeim, er valdir verða til gradhesta. Gradhestaefni skulu valin fyrir veturnætur.

20. dag nóvembermán. 1894.

110

10. sept.

Ef unnt er, skal eigi láta graðhesta byrja að fylja hryssur fyrir en þeir eru þrevetrir. Eigandi graðhestsins er skyldur að ljá hestinn hreppsþúum til afnota samkvæmt þessari samþykkt til þess hann er 6 vetra og heimilt er honum einnig að leyfa öðrum að nota hann. Ef eigandi leyfir, má nota graðhest til undaneldis til þess hann er 8 vetra. Graðhest skal gelða, þegar er hætt er að nota hann til undaneldis, ef hann eptir það verður í því umdæmi, er samþykkt þessi nær yfir.

7. gr.

Graðhestar skulu eigi hafðir til neinnar brúkunar að sumrinu þau ár, er þeir eru þannig notaðir. Þeir skulu hafa gott fóður og nægilegt að vetrinum og eigi vera hafðir til neinnar örðugrar brúkunar þann tíma.

8. gr.

Geti hreppsnefnd eigi fengið sumargöngu fyrir graðhest á þeim stað, er hentugur þykir, og áltí hreppsnefndin eigi haganlegt, að hann gangi í landi eiganda, þá ákveður hreppsnefndin, hvar graðhesturinn skuli ganga á haga að sumrinu til, og ákveður nægilega þóknun fyrir, er eigandi greiðir. Enginn búandi maður má skorast undan að taka graðhest í land sitt.

9. gr.

Allar þær hryssur í hreppnum, er eigendur vilja láta fyljast, skal leiða til graðhests á tímabilinu frá 1. maí 25. júní. Fyrir hverja hryssu, sem leidd er til graðhests, skal gjalda eiganda hestsins 2 kr. Hreppsnefndin innheimtir gjaldið hjá hreppsþúum eptir skýrslu frá þeim manni, sem graðhestinn hefur til hagagöngu, og stendur eiganda skil á. Nemi gjaldið, er eigandi þannig fær, eigi 36 kr. á ári, greiðir hreppsnefndin það er á vantar úr sjóði hreppsins.

10. gr.

Hryssu, er fyljast hefir, skal eigi hafa til örðugrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrarlagi.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 kr., er renna í sveitarsjóð og ber hreppsnefndinni að hafa eptirlit með, að samþykktinni sje hlýtt, og kæra þá, er brjóta gegn henni.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til að öðlast gildi 1. jan. 1895, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreyttni. Íslands norður- og austuramt, Akureyri 10. sept. 1894.

Kl. Jónsson,
settur.

111

21. sept.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um pingsályktun út af tilögum yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1890 og 1891. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. okt. f. á., hafð þjer; herra landshöfðingi, sent